

N1 hf.

Samandreginn árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2011

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur
Kt. 540206-2010

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur N1 hf. fyrir 1. janúar til 30. júní 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Rekstrartekjur félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins námu 24.567,2 millj. kr. og jukust um 12,0% frá sama tímabili árið áður. Hagnaður var af rekstri félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins að fjárhæð 5.465,7 millj. kr. Hagnaður fyrir skatta af kjarnastarfsemi félagsins nam 922,9 millj.kr. en fjárhagsleg endurskipulagning félagsins, sem nánar er greint frá hér að neðan, hafði í för með sér tekjufærslu að fjárhæð 4.821,8 millj. kr. Eigið fé félagsins í lok júní var 14.279,6 millj. kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 1.000 millj. kr.

Fjárhagsleg endurskipulagning

Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með undirritun á frjálsum nauðasamningum á aðalfundi félagsins 24. júní 2011. Kröfuhafar félagsins tóku félagið yfir en hlutafé fyrri hluthafa var afskrifað að fullu. Samkvæmt nauðasamningunum var gefið út nýtt hlutafé að nafnvirði 1.000 millj. kr. að gangvirði 14.000 millj. kr. Ein af forsendum nauðasamningsins var að félagið keypti allar fasteignir Umtaks ehf. fyrir 9.500 millj. kr. en um er að ræða fasteignir sem félagið nýtir í rekstri sínum. Rekstrarleg áhrif endurskipulagningarinnar nema um 4.821,8 millj. kr. og er sýnd sem sér liður í rekstrarreikningi félagsins.

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 70 talsins en þeir voru 2 í upphafi ársins. Við samþykkt árshlutareikningsins eru hluthafarnir 69 og eiga 3 hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu en þeir eru:

Arion banki hf.	39,0%
Íslandsbanki hf.	30,2%
Glitnir banki hf.	10,3%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur N1 hf. fyrir 1. janúar til 30. júní 2011 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2011 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2011.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. ágúst 2011

Stjórn N1 hf.

Jóhann Hjartarson, formaður stjórnar
Margrét Guðmundsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir
Hreinn Jakobsson
Jóhannes Karl Sveinsson

Forstjóri

Hermann Guðmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í N1 hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2011. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2011 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík 29. ágúst 2011

Ernst & Young hf.

Jóhann Unnsteinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2011

	Skýr.	2011 1.1.-30.6.	2010 * 1.1.-30.6.
Sala		24.567.173	21.945.359
Kostnaðarverð seldra vara		(20.153.769)	(17.779.784)
Framlegð af vörusölu		<u>4.413.404</u>	<u>4.165.575</u>
Aðrar rekstrartekjur		93.368	90.876
Sölu- og dreifingarkostnaður		(2.568.867)	(2.434.872)
Annar rekstrarkostnaður		(973.789)	(1.277.669)
		<u>(3.449.288)</u>	<u>(3.621.665)</u>
Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði		<u>964.116</u>	<u>543.910</u>
Afskriftir	9	251.311	254.667
Rekstrarhagnaður		<u>712.805</u>	<u>289.243</u>
Fjármunatekjur		79.771	170.107
Fjármagnsgjöld		(62.949)	(695.210)
Matsbreyting hlutabréfa		28.413	0
Áhrif hlutdeildarféлага		<u>164.838</u>	<u>4.586</u>
		<u>210.073</u>	<u>(520.517)</u>
Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar	7	4.821.845	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta		<u>5.744.723</u>	<u>(231.274)</u>
Tekjuskattur	8	(278.976)	40.306
Hagnaður (tap) og heildarafkoma tímabilsins		<u>5.465.747</u>	<u>(190.968)</u>
Grunnhagnaður (-tap) og bynntur hagnaður (-tap) á hlut (ISK)		0,94	(0,03)

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu sbr. skýringu 3.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árs hlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2011

	Skýr.	30.6.2011	31.12.2010
Eignir			
Óefnislegar eignir		550.782	576.758
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	13.350.981	3.864.125
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.468.301	1.303.463
Eignarhlutir í öðrum félögum		126.762	94.227
Reiknuð skatteign	10	0	112.932
Skuldabréfaeign		152.725	158.481
Fastafjármunir		<u>15.649.551</u>	<u>6.109.986</u>
Birgðir		6.541.858	4.981.798
Viðskiptakröfur		5.927.923	3.519.021
Kröfur á tengda aðila		4.925	9.300
Aðrar skammtímakröfur		1.407.597	543.318
Handbært fé		1.556.845	1.733.258
Veltufjármunir		<u>15.439.148</u>	<u>10.786.695</u>
Eignir samtals		<u><u>31.088.699</u></u>	<u><u>16.896.681</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.000.000	6.000.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár		13.000.000	0
Endurmatsreikningur		495.985	616.601
Ójafnað tap		(216.428)	(11.802.791)
Eigið fé samtals		<u>14.279.557</u>	<u>(5.186.190)</u>
Skuldir			
Víkjandi lán við tengdan aðila		417.796	395.516
Skuldir við lánastofnanir	11	8.046.667	0
Tekjuskattskuldbinding	10	166.044	0
Aðrar skuldbindingar		104.583	60.485
Langtímaskuldir		<u>8.735.090</u>	<u>456.001</u>
Skuldir við hið opinbera		3.597.379	2.085.140
Skuldir við lánastofnanir	11	2.470.208	10.162.058
Skuldabréfaútgáfa		0	7.446.288
Viðskiptaskuldir		1.471.620	964.255
Skuldir við tengda aðila		86.302	324.517
Aðrar skammtímaskuldir		448.543	644.612
Skammtímaskuldir		<u>8.074.052</u>	<u>21.626.870</u>
Skuldir samtals		<u>16.809.142</u>	<u>22.082.871</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>31.088.699</u></u>	<u><u>16.896.681</u></u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2011

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)	Eigið fé samtals
1. janúar til 30. júní 2011						
Eigið fé 1.1.2011	6.000.000	0	616.601	0	(11.802.791)	(5.186.190)
Afskrift hlutfjár	(6.000.000)				6.000.000	0
Útgefið nýtt hlutfé	1.000.000	13.000.000				14.000.000
Hagnaður tímabilsins					5.465.747	5.465.747
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags			(120.616)		120.616	0
Eigið fé 30.6.2011	1.000.000	13.000.000	495.985	0	(216.428)	14.279.557
1. janúar til 30. júní 2010						
Eigið fé 1.1.2010	6.000.000		616.601	2.144	19.292	6.638.037
Tap tímabilsins					(190.968)	(190.968)
Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags			(89.742)		89.742	0
Eigið fé 30.6.2010	6.000.000	0	526.859	2.144	(81.934)	6.447.069

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2011

	Skýr.	2011 1.1.-30.6.	2010 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) tímabilsins		5.465.747	(190.968)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	251.311	254.667
Áhrif hlutdeildarféлага		(164.838)	(4.586)
Matsbreyting hlutabréfa		(28.413)	0
Tekjuskattur	8	278.976	(40.306)
Verðbætur langtímalána		11.710	187.098
Gengismunur skammtímalána		0	80.393
Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar	7	(4.821.845)	0
Aðrir liðir		457	11.660
		<u>993.105</u>	<u>297.958</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, breyting		(1.515.962)	4.765
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting		(3.267.426)	(1.671.653)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting		3.863.639	808.105
		<u>(919.749)</u>	<u>(858.783)</u>
		Handbært fé frá (til) rekstrar	
		<u>73.356</u>	<u>(560.825)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(236.351)	(283.537)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		27.827	2.206
Keyptar óefnislegar eignir		(4.124)	0
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum		(3.621)	0
Mótttekinn arður		0	17.115
		<u>(216.269)</u>	<u>(264.216)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		0	(440.000)
Greitt vegna nauðasamnings		(33.500)	0
Kröfur/skuldir við tengda aðila, breyting		0	(38.942)
		<u>(33.500)</u>	<u>(478.942)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Lækkun á handbæru fé		(176.413)	(1.303.983)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>1.733.258</u>	<u>1.798.699</u>
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>1.556.845</u>	<u>494.716</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa:			
Ný langtímalán	7	8.500.000	
Útgefið hlutafé við fjárhagslega endurskipulagningu	7	14.000.000	
Uppgjör langtímaskulda	7	(17.860.085)	
Keyptar fasteignir	9	(9.500.000)	

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

N1 hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Meginstarfsemi félagsins er verslun með olíuvörur hvers konar, hjólfarða, varahluti í bifreiðar og aðrar neytendavörur.

Stjórn N1 hf. samþykkti árslutareikninginn 29. ágúst 2011.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árslutareikningur N1 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árslutareikninga, IAS 34. Samandreginn árslutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2010.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árslutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2010. Hægt er að nálgast ársreikning félagsins á vef þess www.n1.is.

Framsetningu rekstrarreiknings hefur verið breytt á þann hátt að leigugjöld eru nú sýnd með öðrum rekstrarkostnaði í kjölfarið á kaupum félagsins á fasteignum.

4. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árslutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

5. Mat og ákvarðanir

Gerð árslutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

6. Starfsþáttayfirlit

	Fyrirtækja- svið	Neytenda- svið	Annað	Samtals
Afkoma starfsþátta 1.1.-30.6.2011				
Sala.....	14.147.215	10.283.564	136.394	24.567.173
Rekstrargjöld.....	(13.415.326)	(9.095.994)	(1.343.048)	(23.854.368)
Rekstrarhagnaður (-tap).....	731.889	1.187.570	(1.206.654)	712.805
Fjármagnsgjöld, nettó.....				210.073
Áhrif fjárhagsl. endurskipulagningar.....				4.821.845
Hagnaður fyrir skatta.....				5.744.723
Tekjuskattur.....			(278.976)	
Hagnaður tímabilsins				<u>5.465.747</u>
Lok júní 2011				
Eignir starfsþáttar.....	10.475.166	14.148.774	3.307.927	27.931.867
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum.....	905.688	541.080	148.295	1.595.063
Óskilgreinanlegar eignir.....	0	0	1.561.769	1.561.769
Heildareignir	<u>11.380.854</u>	<u>14.689.854</u>	<u>5.017.991</u>	<u>31.088.699</u>
Skuldir starfsþáttar.....	877.579	698.623	2.016.875	3.593.077
Óskilgreinanlegar skuldir.....	0	0	13.216.065	13.216.065
Heildarskuldir	<u>877.579</u>	<u>698.623</u>	<u>15.232.940</u>	<u>16.809.142</u>

Skýringar, frh.:

6. Starfsþáttayfirlit, frh.

	Fyrirtækja- svið	Neytenda- svið	Annað	Samtals
Afkoma starfsþátta 1.1.-30.6.2010				
Sala.....	12.403.892	9.400.516	140.951	21.945.359
Rekstrargjöld.....	(11.900.582)	(8.988.624)	(766.910)	(21.656.116)
Rekstrarhagnaður (-tap).....	503.310	411.892	(625.959)	289.243
Fjármagnsgjöld, nettó.....			(520.517)	(520.517)
Tap fyrir skatta.....			(231.274)	(231.274)
Tekjuskattur.....			40.306	40.306
Tap tímabilsins			(190.968)	(190.968)
Árslok 2010				
Eignir starfsþáttar.....	6.052.521	4.334.542	3.369.371	13.756.434
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum.....	808.926	474.222	114.542	1.397.690
Óskilgreinanlegar eignir.....	0	0	1.742.557	1.742.557
Heildareignir	6.861.447	4.808.764	5.226.470	16.896.681
Skuldir starfsþáttar.....	497.274	527.465	7.877.296	8.902.035
Óskilgreinanlegar skuldir.....	0	0	13.180.836	13.180.836
Heildarskuldir	497.274	527.465	21.058.132	22.082.871

7. Fjárhagsleg endurskipulagning

Fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins lauk með frjálsum nauðasamningum á fyrri hluta ársins 2011. Kröfuhafar félagsins tóku félagið yfir en hlutafé fyrri hluthafa var afskrifað að fullu. Uppgjör skulda með útgáfu eigin fjár var fært í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, nánar tiltekið túlkunina IFRIC 19. Samkvæmt henni skal eigið fé, sem gefið er út til uppgjors skulda, fært á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Í samningum félagsins og kröfuhafa var gangvirði eigin fjár 14,0 milljarðar kr. Mismunur á gangvirði útgefins eigin fjár og annars endurgjalds annars vegar og bókfærðar stöðu þeirra skulda sem gerðar eru upp hins vegar er færður í rekstur. Ein af forsendum nauðasamningsins var að félagið keypti fasteignir Umtaks ehf. Fjárhagsleg áhrif voru sem hér segir:

Keyptar fasteignir.....	9.500.000
Tekin ný lán.....	(8.500.000)
Greitt með útgáfu nýs hlutafjár.....	(14.000.000)
Uppgerðar skuldir.....	17.860.085
Rekstrarleg áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar.....	4.860.085
Önnur áhrif endurskipulagningar.....	(38.240)
Áhrif fjárhagslegrar endurskipulagningar samtals.....	4.821.845

8. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2011 1.1-30.6.
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.744.723
Tekjuskattur m.v. gildandi skatthlutfall	20,00% (1.148.945)
Ófrádráttarbær kostnaður	1,35% (77.344)
Óskattskyldar tekjur	(0,57%) 32.968
Bakfærð niðurfærsla skatteignar	(8,95%) 514.000
Aðrar breytingar	(6,97%) 400.345
	4,86% (278.976)

Skýringar, frh.:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, skilti og geymar	Innréttingar, vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð			
Heildarverð 1.1.2011	2.550.282	3.536.531	6.086.813
Viðbætur á tímabilinu	9.579.032	157.319	9.736.351
Selt á tímabilinu	0	(56.460)	(56.460)
Heildarverð 30.6.2011	12.129.314	3.637.390	15.766.704
Afskriftir			
Afskrifað 1.1.2011	312.498	1.910.190	2.222.688
Afskrifað á tímabilinu	67.648	153.563	221.211
Fært út við sölu		(28.176)	(28.176)
Afskrifað 30.6.2011	380.146	2.035.577	2.415.723
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1.2011	2.237.784	1.626.341	3.864.125
Bókfært verð 30.6.2011	11.749.168	1.601.813	13.350.981

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

30.6.2011

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	221.211
Afskriftir óefnislegra eigna	30.100
Samtals afskriftir í rekstrarreikningi	251.311

Á árinu keypti félagið, í samræmi við samkomulag um nauðasamninga, fasteignir Umtaks ehf., sjá skýringu 7.

10. Reiknuð skatteign (tekjuskattsskuldbinding)

Reiknuð skatteign (tekjuskattsskuldbinding) greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

	30.6.2011	31.12.2010
Eign		
Hlutabréf.....	394.663	0
Viðskiptakröfur.....	7.236	31.635
Yfirfæranlegt tap.....	0	410.953
	401.899	442.588
Skuld		
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	442.321	186.070
Óefnislegar eignir.....	61.056	59.556
Gengismunur.....	44.711	74.151
Aðrir liðir.....	19.855	9.879
	567.943	329.656
(Tekjuskattsskuldbinding) reiknuð skatteign.....	(166.044)	112.932

Skýringar, frh.:

11. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi lántökur greinast þannig:

	Vaxtakjör	30.6.2011
Langtímalán		
Óverðtryggð lán.....	6,5%	8.500.000
Skammtímalán		
Óverðtryggð lán.....	7,5%	2.016.875
Vaxtaberandi lántökur samtals.....		10.516.875

Afborganir greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011.....	2.130.207
Árið 2012.....	566.667
Árið 2013.....	566.667
Árið 2014.....	566.667
Árið 2015.....	566.667
Til greiðslu síðar.....	6.120.000
	10.516.875

12. Veðsetningar, ábyrgðarskuldbindingar og aðrir skuldbindandi samningar

Langtímalán, félagið hefur veitt veð í öllum fasteignum félagsins, viðskiptakröfum og vörubirgðum (aðrar en eldsneyti) fyrir láni að fjárhæð 8.500 millj. kr. Skammtímalán, félagið hefur veitt veð í viðskiptakröfum og eldsneytisbirgðum fyrir láni að fjárhæð 2.017 millj. kr.

Húsaleiguskuldbindingar

Félagið er með húsnæði á leigu frá ýmsum aðilum og er heildarskuldbinding vegna þess 1.060 millj. kr. allt til ársins 2019.